



Starfsárið 2008 - 2009

Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi 20. mars 2009

Nýir félagsmenn

Á starfsárinu hafa eftirtalin fyrirtæki gerst aðilar að SVP:

Aðstoð & Öryggi ehf.
AP almannatengsl ehf.
Ávaxtabíllinn ehf.
Bauhaus slhf
Bjargir leikskólar ehf.
Dignitas ehf./Regboginn leikskóli
Dótakassinn ehf.
E. Guðmundsson
Egilsson hf.
Félagsstofnun stúdenta/leikskólar
Fjárfestingamiðlun Íslands
G.C. Einarsson
Garðaþjónusta Íslands
Handlæknastöðin ehf.
Hanz Trading ehf.
Hjallastefnan ehf.
Hreinsýn sf.
HVST ehf.
Icecurves
Íslenska lögregluforlagið
Karen ehf.
Kisan ehf.
Leikskólinn 101
Leikskólinn Kjarrið
Leikskólinn Lundur
Leikskólinn Sælukot
Leikskólinn Undraland ehf.
Leikskólinn Vinaminni
LFA ehf.
Logaland ehf.
Læknastofur Akureyrar
Markmál ehf.
Málmtækni hf.
Norvik hf.
Nýja váttryggingaþjónustan ehf.
Penninn ehf.
Pfaff hf.
Pósthúsið ehf.
Ráðningarþjónustan ehf.
Sjálанд ehf.
Sjónlag hf.
Skerjagarður
Skólar ehf.
Skóli Ísaks Jónssonar
Skurðstofan
Sófalist
Sturlaugur og Co. ehf.
Sunnugarður ehf.
Tjarnarskóli ehf.
Tryggingamiðlun Íslands
Tryggingar og ráðgjöf ehf.
Veislur og vín
Veritas Capital hf.
Þ. Ágústsson og Co. sf.
Þumalína ehf.

Stjórn og trúnaðarmenn

Stjórn SVP

Hrund Rudolfsdóttir, formaður
Brynjólfur Bjarnason, varaformaður
Ásbjörn Gíslason
Björn Ágúst Ágústsson
Gunnar Karl Guðmundsson
Jóhanna Waagfjörð
Sturla Eðvarðsson

Starfsmenn

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri
Guðbjörg S. Jónsdóttir, skrifstofustjóri
Signý Sigurðardóttir, forstöðumaður flutningasviðs
Sigríður Anna Guðjónsdóttir, verkefnastjóri
Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur

Fagráð um fræðslu verslunar- og þjónustugreina

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Landflutningaráð

Signý Sigurðardóttir, SVP

Lyfjagreiðslunefnd

Þorvaldur Árnason, Lyfjaval ehf.

Menntanefnd SA

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Nefnd um heildarendurskoðun siglingarlaga

Lilja Jónasdóttir, LEX lögmannsstofu

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð

Andrés Magnússon, SVP

Siglingaráð

Aðalfulltrúi:
Signý Sigurðardóttir, SVP
Varafultrúi:
Eyþór H. Ólafsson, Eimskip hf.

Siglingaverndarráð

Signý Sigurðardóttir, SVP

Starfsgreinaráð fyrir farartækja- og flutningagreinar

Aðalfulltrúi:
Signý Sigurðardóttir, SVP
Varafultrúi:
Ingi S. Ólafsson, Samskip hf.

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Framkvæmdahópur um lyfjastefnu

Aðalfulltrúi:
Þórbergur Egilsson, Lyfja ehf
Varafultrúi:
Sigurbjörn Gunnarsson, Lyfja ehf.

Starfshópur vegna heildarendurskoðunar umferðalaga

Signý Sigurðardóttir, SVP

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfulltrúar:
Andrés Magnússon, SVP
Svanur Valgeirsson, Hagar
Varafultrúar:
Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Stefnumótunarnefnd um nýja stefnu fyrir upplýsingasamfélagið

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Stjórn EuroCommerce

Andrés Magnússon, SVP

Stjórn GS1

Bergur Bergsson, Aðföng

Stjórn Rannsóknarseturs verslunarinnar

Andrés Magnússon, SVP

Stjórn SA

Brynjólfur Bjarnason, Skipti hf.
Gunnar Karl Guðmundsson, Skeljungur hf.
Hrund Rudolfsdóttir, Moderna hf.
Kristín Jóhannesdóttir, Baugur Group hf.

Framkvæmdastjórn SA

Hrund Rudolfsdóttir, Moderna hf.
Kristín Jóhannesdóttir, Baugur Group hf.

Stjórn Háskólans á Bifröst

Aðalfulltrúi:
Finnur Árnason, Hagar
Varafultrúi:
Ásbjörn Gíslason, Samskip hf.

Stjórn Útflutningsráðs Íslands

Heiðrún Jónsdóttir, Eimskipafélag Íslands hf.

Stýrnefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs

Sigurður Örn Guðleifsson

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Ólafur Jónsson, Skeljungu hf.

Umhverfismerkisráð Íslands

Sigurður Örn Guðleifsson, SVP

Úrvinnslusjóður

Sigurður Örn Guðleifsson, SVP

Af vettvangi stjórnar

Stjórn samtakanna var þannig skipuð starfsárið 2008 – 2009: Hrund Rudolfsdóttir, formaður, Brynjólfur Bjarnason, varaformaður. Aðrir í stjórn voru þau: Ásbjörn Gíslason, Björn Ágúst Ágústsson, Gunnar Karl Guðmundsson, Jóhanna Waagfjörð og Sturla Eðvarðsson.

Stjórn samtakanna hélt alls 11 fundi á starfsárinu. Þau mál sem hæst bar á vettvangi stjórnar voru:

Efnahagsmál

Í kjölfarið á efnahagshruninu í október voru umræður um þau mál áberandi á fundum stjórnar. Var fjallað um þau viðfangsefni sem SVP, SA og önnur hagsmunasamtök atvinnurekenda stóðu að í nánú samstarfi við verkalyðshreyfinguna. Þau málefni sem helst voru aðkallandi fyrstu vikur eftir hrunið og einkum voru til umræðu voru:

Hátt vaxtastig

Vaxtamálin voru þau mál sem oftast og mest voru rædd á vettvangi stjórnar. Lýstu menn þar ítrekað yfir áhyggjum sínum af því að vöxtum væri haldið svo háum sem raun ber vitni. Voru menn á einu máli um að svo hátt vaxtastig væri meira en fyrirtækin í landinu gætu risið undir. Þrátt fyrir allt búum við enn við langhæsta vaxtastig í okkar heimshluta þegar þessi skýrsla er skrifuð þótt að allar forsendur séu þegar til staðar til að lækka það verulega.

Gjaldeyrismál

Gjaldeyrismálin og erfiðleikar sem sköpuðust við gjaldeyrisyfirfærslu við hrun bankanna og setningu hryðjuverkalaganna í Bretlandi voru gífurleg. Matvara, lyf og eldsneyti voru þeir vöruflokkar sem veittur var forgangur til gjaldeyrisyfirfærslu. Þetta ástand varði nær óbreytt allt til þess er niðurstaða fékkst í viðræðum við Alþjóða gjaldeyrisjóðinn um þátttöku sjóðsins (og ýmissa ríkja) í endurreisn íslensks efnahagslífs, en það var í lok nóvember.

Viðskiptasambönd

Rætt var um þann mikla fjölda viðskiptasambanda sem fóru forgörðum í kjölfar bankahrunsins. Viðbrögð SVP við því voru þau að bréf var sent til allra systursamtaka okkar innan EuroCommerce sem eru alls um 85 talsins innan allra aðildarríkja Evrópusambandsins, þar sem ástandið hér á landi var skýrt út og liðsinnis þessara aðila óskað. Nokkur viðbrögð voru við þessu bréfi og öll á jákvæðum nótum. Héttu öll þessi systursamtök liðsinni sínu við að tala máli íslenskra fyrirtækja og aðstoða við að endurnýja viðskiptasambönd sem hafði verið slitið í kjölfar hrunsins.

Greiðslutryggingarfélag hættu að tryggja greiðslur frá Íslandi í kjölfar hrunsins. Að frumkvæði atvinnulífsins var send af stað sendinefnd til þessara fyrirtækja til að gera grein fyrir stöðu mála á Íslandi. Þrátt fyrir það eru enn vandkvæði á því að kaupa tryggingar fyrir greiðslu reikninga frá Íslandi og hefur það leitt til þess að fyrirtæki hafa í einhverjum tilfellum þurft að búa við stargreiðsluviðskipti hjá birgjum sínum erlendis.

Gagnsæjar reglur

Endurreisn bankanna var mikið rædd á fundum stjórnar og var lögð áhersla á mikilvægi þess að gagnsæjar reglur væru viðhafðar í bönkunum við endurreisn atvinnulífsins. Áhersla var lögð á það innan stjórnar að koma yrði í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið réðu för þegar framtíð einstakra fyrirtækja væri ákveðin innan bankanna.

Kjaramál

Umræður um kjaramál voru tíðar á fundum stjórnar og ekki síst í kjölfarið á bankahruninu í byrjun október. Formaður greindi stjórn reglulega frá því sem var að gerast í þeim málum á vettvangi SA. Miklar og vaxandi áhyggjur komu fram hjá stjórnamönnum vegna samningsbundinna hækkana sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars sl. Þær hækkunar, sem kváðu á um 3,5% hækkunartryggingu frá gerð kjarasamninganna, auk verulegra taxtahækkana, hefðu reynst stórum hluta aðildarfyrirtækja SVP dýrar. Innan stjórnar var því lögð áhersla á að gildistöku þessara umsömdu launabreytinga yrði a.m.k. frestað. Eins og kunnug er náðist samkomulag milli SA og ASÍ í febrúar um að fresta þeim hækkunum sem koma áttu til framkvæmda 1. mars til 1. júlí þessa árs.

Það sjónarmið kom mjög oft fram innan stjórnar SVP að kjarasamningarnir frá febrúar 2007 hefðu reynst mörgum aðildarfyrirtækjum SVP dýrir vegna þeirrar hækkunar lægstu launa sem þar var samið um. Var þeim skilaboðum komið á framfæri við SA að tekið yrði tillit til þeirrar staðreyndar við næstu kjarasamningsgerð.

5

Evrópumál

Eftir aðalfund 2008 var ákveðið að setja á laggirnar Evrópunefnd innan SVP í því skyni að móta framtíðarviðhorf samtakanna til þessa mikilvæga málaflokks. Vísað var til þess að þar sem aðildarfyrirtæki SVP væru að mörgu leyti ólík og með ólíka hagsmuni væri nauðsynlegt að heyrja álit sem flestra. Meginniðurstaða skýrslunnar var á þann veg að hagsmunum aðildarfyrirtækja SVP væri til framtíðar betur borgið með aðild að Evrópusambandinu.

Eftir mikinn undirbúning ákvað SA að láta framkvæma könnun meðal allra aðildarfyrirtækja samtakanna hvort þau væru fylgjandi umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Niðurstöður könnunarinnar komu að nokkru leyti á óvart. Í heild er ljóst að þó að meirihluti sér fyrir aðild, bæði hvað varðar hlutfall og fjölda aðildarfélaganna, er hann naumur og afstaða aðildarfélaganna mjög breytileg. Hvergi meðal aðildarfélaganna SA var afstaðan eins afgerandi og meðal félagsmanna SVP, en þar voru 80% félagsmanna fylgjandi aðildarumsókn, en innan Samtaka iðnaðarins kom á óvart að jákvæð afstaða gagnvart aðild var ekki afgerandi. Í kjölfarið á þessari niðurstöðu ákvað stjórn samtakanna að beina þeirri ósk til Samtaka atvinnulífsins að þar yrði framkvæmd greining á kostum og göllum aðildar fyrir verslunar- og þjónustufyrirtækin í landinu. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja nú fyrir og verður kynnt undir sérstökum dagskrárlið á aðalfundi SVP 2009. Skýrslan í heild sinni er hluti af skýrslu stjórnar.

Fræðslustarf

SVP hélt uppi öflugu fræðslustarfi á árinu þar sem hinum ýmsu hópum starfsmanna aðildarfyrirtækja gafst kostur á að setjast á skólabekk eina morgunstund og styrkja þannig stöðu sína innan fyrirtækjanna. Auk þess voru haldnir fræðslu- og kynningarfundir um málefni líðandi stundar og var aðsóknin mikil.

Námskeið

Eftirtalin námskeið voru haldin á 6. hæðinni í Borgartúninu og sá Sverrir Ragnarsson um kennsluna:

Fiskurinn: Námskeið ætlað stjórnendum og framlínustarfsmönnum.

Sölnámskeið: Námskeið ætlað sölufólki og framlínustarfsmönnum.

Að skapa framkvæmdamenningu: Námskeið ætlað stjórnendum.

Þjónustunámskeið: Námskeið ætlað framlínustarfsmönnum.

Fræðslu- og kynningarfundir

22. apríl 2008: Elretur - Rafskil - heimsókn Peer Lund-Tomsen

23. apríl 2008: Nýsköpun með netverslun

Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Rannsóknarsetur verslunarinnar þar sem rannsóknir á netverslun á Íslandi voru kynntar. Einnig voru Sigurður Jónsson þáverandi framkvæmdastjóri SVP og Edda S. Gísladóttir markaðsstjóri Bláa lónsins með erindi á fundinum.

3. maí 2008: Kynning á SVP og SA á Akureyri

Fundur haldinn á Hótel KEA þar sem verslunar- og þjónustufyrirtækjum á Akureyri og nágrenni var boðið á kynningu á báðum samtökunum.

18. september 2008: REACH - Ertu ekki viss?

Ráðstefnan var haldin í samtarfi við SI og Umhverfisstofnun til þess að kynna nýja reglugerð um innleiðingu REACH um mat, leyfisveitingu og takmarkanir varðandi efni og efnablöndur. Sérstakur gestur fundarins var fulltrúi frá ECHA, Doris Thiemann.

17. október 2008: Hvatning á óvissutímum

Jóhann Ingi Gunnarsson hélt fyrirlestur fyrir félagsmenn til að fá innsýn inn í hvernig takast mætti á við þann kvíða og þá streitu sem fólk var að glíma við dagana eftir bankahrunið.

7. nóvember 2008: Hvað bera næstu mánuðir í skauti sér?

Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur var gestur á opnum félagsfundi SVP þar sem hún velta fyrir sér þróun næstu mánaða; meðal annars áhrifum lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á gjaldeyrisviðskipti, gengi, verðlagsmál og fleira. Lúðvík Bergvinsson var einnig gestur fundarins og tók þátt í umræðum.

17. desember 2008: Ég ViðskiptaVinurinn

Jón Gnarr var með bráðfyndna, djúpa og hressandi sýn á þjónustu á hádegisverðarfundum á 6. hæðinni þennan desemberdag.

11. febrúar 2009: Get ég aðstoðað?

Fundur þar sem fræðslu- og menntamál voru í brennidepli. Gestir fundarins voru Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri FA, Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun, Björn Garðarsson frá Fagráði verslunar- og þjónustugreina, Sigríður Dís Gunnarsdóttir frá Mími – símenntun og starfsmenn skólafræðslu VR.

20. febrúar 2009: Endurheimt verðmæta

Morgunverðarfundur þar sem Endurheimt verðmæta var kynnt en það er úrræði þar sem verslanir geta krafið þá sem teknir eru fyrir þjófnað, um bætur fyrir beint og óbeint tjón, sem þjófnaðurinn veldur versluninni.

Starf faghópa

Til að sinna sem best hagsmunum hinna ýmsu hópa innan SVP hafa verið stofnaðir faghópar þar sem fjallað er um þau málefni sem brenna á mönnum hverju sinni.

Öryggishópur

Á árinu vann Öryggishópur SVP að undirbúningi verkefnis sem ber heitið Endurheimt verðmæta (Civil Recovery). Með upptöku þess geta verslanir krafist þá sem teknir eru fyrir þjófnað, um bætur fyrir beint og óbeint tjón, sem þjófnaðurinn veldur versluninni. SVP hefur í samvinnu við Samtök atvinnulífsins lýst sig reiðubúin til undirbúnings lagasetningar. Til þess að knýja á um mikilvægi verkefnisins hélt SVP ráðstefnu í febrúar þar sem verkefnið var kynnt.

Þjónustuhópur

Eitt af verkefnum Þjónustuhóps SVP hefur verið að fylgja eftir útivistunarstefnu ríkisins. Tengt kynningu á henni heimsóttu fulltrúar Samtaka verslunar og þjónustu bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu. Markmið þessara funda var einkum að ræða um útvistun þjónustu sveitarfélaganna með því m.a. að kynna útivistunarstefnu ríkisins sem tók gildi um mitt ár 2006 og hvetja sveitarfélögin til þess, ekki síst núna þegar sverfur að í atvinnulífinu, að útvista þjónustu. Bent hefur verið á að kaup þjónustu á samkeppnismarkaði tryggji jafnan gæði og hagstæðasta verð, en hætt sé við því að þjónustudeildir sveitarfélaganna sjálfra sem þurfa ekki sífellt að sanna sig í samkeppni við aðra verði óhagkvæmari. Öflugar aðgerðir til að stemma stigu við stigvaxandi rýrnun geta ráðið úrslitum fyrir rekstur fjölda verslana sem eru í mikilli tilvistarbaráttu. Aukin rýrnun getur ráðið úrslitum um það hvort að verslanir standi af sér þessa erfiðu tíma sem framundan eru. Því er afar brýnt að þær ráðstafanir sem hrint er í framkvæmd til að sporna við rýrnun hafi virkilegan slagkraft og séu líklegar til árangurs, ekki síst með hliðsjón af þeim mikla fjölda starfa sem hanga á spýtni í þessu samhengi. Til þess að tryggja þetta verður baklandið og lagaramminn sem byggt er á að vera í lagi.

Lyfsalahópur

Lyfsalahópur SVP fjallar um hagsmunamál lyfsala. Helstu viðfangsefni hópsins á starfsárinu voru innleiðing rafræna lyfseðla, upptaka nýs endurgreiðslufyrirkomulags í tryggingakerfinu og póstverslun með lyf. Einnig var ný lyfjastefna stjórnvalda til umfjöllunar í hópnum og voru m.a. haldnir fundir með heilbrigðisráðherra af því tilefni.

Hópur lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Hópur lítilla og meðalstórra fyrirtækja innan SVP stóð fyrir kynningum á samtökunum fyrir fyrirtæki og verslanir í Kringlunni, Smáralind og miðborginni. Þessir fundir voru allir fjölsóttir og voru vel heppnaðir. Til þess að hafa áhrif á komu ferðamanna til landsins og auka verslun þeirra hafa SVP í samvinnu við SAF og Rannsóknarsetur verslunarinnar tekið höndum saman til að vinna verslunarferðamennsku brautargengi. Með sameiginlegu átaki og fræðslu um hvernig aðrar þjóðir hafa borið sig að er ætlunin að fá aðila sem málið varðar til samstarfs og freista þess að fjölga ferðamönnum og auka verslun. Með því að kortleggja hverjir koma til landsins, hvað þeir versla helst og hversu miklu þeir eyða er hægt að laga verslunarhætti og þjónustu að ferðamönnum og þeirra þörfum. SVP unnu bækling í samvinnu við Kaupmannasamtök Íslands ætlaðan ferðamönnum á höfuðborgarsvæðinu í verslunarhugleiðingum.

Fræðslunefnd

Fræðslumálin eru verslun og þjónusta afar mikilvæg og hefur Fræðslunefnd SVP verið öflug. Starfsmenntun þjónustugreina er eitt af þeim verkefnum sem Samtök verslunar og þjónustu hafa lagt áherslu á að þróa. Haustið 2007 hófu tveir framhaldsskólar kennslu á námsbraut í

þjónustuviðskiptum með 10 vikna starfsnámi. Nemendur geta valið starfstengt nám á verslunarbraut og skrifstofubraut og hafið nám strax að loknu grunnskólanámi. Þetta nýja nám er ekki bara hagnýtt, bæði bóklegt og verklegt, heldur býður það upp á áhugaverðar tengingar við atvinnulífið auk möguleika til framhaldsnáms. Þarna er komin leið til þess að beina ungu fólki inn í þjónustugeirann, þá grein atvinnulífsins sem vex hraðast. Fyrstu nemendurnir útskrifast á vori komandi og fagna samtökin þeirri viðbót við námsframboð í verslunar- og þjónustugreinum sem námsbrautin er. Með tilkomu hennar, verslunarfagnámi og þróun viðskiptanáms með áherslu á verslun og þjónustu á Bifröst, má segja að námsframboðið sé orðið samfelld og veitir bæði nemendum og fyrirtækjum sem njóta síðan starfskraftanna aukin tækifæri.

Samstarf um menntaúrræði

Fulltrúi SVP hefur tekið þátt í vinnu samráðshóps undir forystu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins vegna erfiðrar stöðu á vinnumarkaði ásamt fulltrúum frá ASÍ, SA, BSRB, Vinnumálastofnun, Starfsmenntaráði, fræðsluaðilum og menntamálaráðuneyti. Meginhlutverk samráðshópsins hefur verið að kortleggja og finna menntunarúrræði fyrir þá sem lent hafa í erfiðleikum á vinnumarkaði en markhópur FA eru þeir sem hafa minnsta formlega menntun. Þessi úrræði eru mikilvæg til að bregðast við erfiðri stöðu einstaklinga þannig að aðgengileg fullorðinsfræðsla sé valkostur fyrir þá sem minnsta menntun hafa og misst hafa vinnuna í þeim þrengingum sem gengið hafa yfir íslenskt efnahagslíf.

SÍA – Samband íslenskra auglýsingastofa

Samband íslenskra auglýsingastofa starfar innan vébanda SVP. Starfsemin er margþætt og er framkvæmdastjóri í hálfu starfi fyrir sambandið. Innan SÍA starfa fastar nefndir sem sinna einstökum verkefnum eftir því sem þörf er á og má þar nefna fjölmiðlarannsóknnefnd, siðanefnd, kjarasamninganefnd, kynningarnefnd og Effie nefnd. Verið er að endurskoða siðareglur SÍA og mun því verki ljúka á sumri komandi.

SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla

Samtök sjálfstæðra skóla gengu í SVP á starfsárinu. Undir forystu Margrétar Pálu Ólafsdóttur hafa þau fært starfsemi sína til SVP og sinna SVP verkefnastjórnun fyrir samtökin. SSSK hefur fengið sitt eigið vefsvæði á vef SVP og fréttapóstur SSSK er í burðarliðnum.

Sameiningarviðræður við FÍS

Eins og kunnugt er stóðu yfir viðræður milli Samtaka verslunar og þjónustu og Félags íslenskra stórkaupmanna frá því haustið 2007 og fram á árið 2008, um stofnun nýrra samtaka á grunni þeirra tveggja. Skömmu eftir aðalfund SVP á síðasta ári hélt FÍS aðalfund sinn þar sem þessi áform voru tekin fyrir og gengið til atkvæða um þau. Kosning um málið á aðalfundi FÍS fór þannig að um 60% félagsmanna greiddu atkvæði gegn þessum áformum, en um 40% voru meðfylgjandi stofnun nýrra samtaka. Var niðurstaða þessi mikil vonbrigði fyrir stjórn SVP, þar sem mikil vinna hafði verið lögð í málið og að mati hennar komið á samkomulag sem myndaði grunn til að stofna ný og öflug heildarsamtök verslunar- og þjónustufyrirtækja hér á landi.

Stefnumótun

Stefnumótun og framtíðarsýn SVP var sett á oddinn á árinu. Stjórn og starfsfólk SVP lagði línurnar fyrir framtíðarstarf samtakanna sem hófst með stefnumótunarfundi á Flúðum í júlíbyrjun. Stefnuálin snerta bæði að ytra og innra starf SVP þar sem ytri málin snúa að hagsmunabaráttu fyrir verslunar- og þjónustufyrirtækin og innri málefnið beinast að því að styrkja innvið samtakanna og virkja samtakamátt félagsmanna.

Lögfræðimál

Tollvörugeymslur fyrirtækja

Áhugi hefur verið meðal aðildarfyrirtækja að fá leyfi til að reka sínar eigin tollvörugeymslur. Samtökin vöktu máls á þessu við fjármálaráðherra og var tollögum breytt fyrir jól til samræmis við kröfur samtakanna.

Heilbrigðisskrár landlæknis

Mikil óánægja er meðal sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtækja með þá viðtæku og kostnaðarsömu upplýsingaskyldu sem landlæknir leggur þeim á herðar. Samtökin funduðu með landlækni um málið nýverið og ákveðið var að skipa starfhóp með aðkomu samtakanna til að vinna nánar að mótun reglna um heilbrigðisskrár landlæknis.

Tollflokkun matvæla

Tollamál er viðfangsefni sem mikið reynir á í starfsemi samtakanna. Félagsmenn leita mikið til samtakanna varðandi úrlausn mála er snúa að tollflokkun vara. Er þar oft um að ræða misræmi í tollflokkun sem veldur mismunun í samkeppni milli sambærilegra vöruflokka og verndartolla til dæmis á matvælum.

Innflutningur á fersku kjöti

Innflutningur á kjöti er í miklum ólestri hér á landi og höft á slíkum innflutning veruleg. Samtökin hafa barist fyrir því að þeim höftum verði aflétt og einnig, ekki síður er mikilvægt, að þeir kvótar sem þegar hefur verið úthlutað verði framlengdir um nokkurn tíma enda ástand efnahagsmála með þeim hætti að nauðsynlegt er að svigrúm í innflutningi sé rýmkað. Lítið hefur orðið ágengt í þeirri baráttu, enn sem komið er.

Gjaldskrármál heilbrigðisfyrirtækja

Gjaldskrár sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtækja eru í mörgum tilfellum bundnar í lög og reglugerðir. Nokkur vinna fór á starfsárinu í að aðstoða félagsmenn við að ná fram hækkunum á gjaldskrárnámi gagnvart hinu opinbera í takt við verðlagsþróun. Þá hafa samtökin aðstoðað félagsmenn á þessu sviði með ýmislegt sem viðkemur tryggingum heilbrigðisstofnana.

Lyfjaauglýsingar

Þrátt fyrir að heimilt sé að auglýsa lausasölulýf í útvarpi og prentmiðlum hefur Lyfjastofnun sett slíkum auglýsingum þröngar skorður umfram þær heimildir sem stofnuninni eru veittar að mati samtakanna. Hafa samtökin aðstoðað félagsmenn í slíkum málum á starfsárinu og þar á meðal vísað einu máli til heilbrigðisráðherra með stjórnsýslukæru.

Sjálfstætt starfandi skólar

Skólar í Samtökum sjálfstætt starfandi skóla gengu í SVP á árinu og var þeim veitt ýmis aðstoð meðal annars í tengslum við gerð þjónustusamninga við sveitarfélögin í landinu.

Koffíninnihald orkudrykkja

Áralöngu banni á koffíninnihaldi í orkudrykkjum var aflétt á haustdögum með tilstuðlan samtakanna. Er nú innflutningur og framleiðsla orkudrykkja með ríku koffíninnihaldi fjálsari en áður. Samtökin vinna nú að því að fá hnekk reglugerðarbanni á koffín í önnur matvæli en drykki.

Akstur- og hvíldatímareglur

Mikil óánægja er með framkvæmd reglugerðar um akstur og hvíldartíma atvinnubílstjóra. Samtökin stóðu fyrir málfundi um efnið og var hann fjölsóttur. Ljóst er að Vegagerðin fer offari í eftirliti sínu og hafa samtökin í framhaldi af umræddum málfundi aðstoðað félagsmenn í málum sem þessu tengjast.

Umhverfismál

Pappírsnefnd

Umhverfisráðherra skipaði síðastliðið sumar starfshóp með það markmið að draga úr pappírnotkun. Fjölmargir fundir voru haldnir í nefndinni en eftir atburði október mánaðar sl. hefur starf nefndarinnar legið niðri án þess að tillögur hafi legið fyrir. Lítil þörf virðist vera fyrir inngríp stjórnvalda í pappírnotkun hér á landi í ljósi þess m.a. að færri dagblöð eru nú gefin út á Íslandi en var þegar nefndin var skipuð á síðasta ári.

Skráargatið

Matvælastofnun hefur til skoðunar upptöku hollustumerkis á tiltekin matvæli. Hefur það verið nefnt Skáargatið. Stofnunin kallaði nýverið hagsmunaaðila til fundar um málið. Samtökin telja lítinn áhuga vera fyrir upptöku merkisins auk þess sem búast má við að því fylgi mikill kostnaður við kynningu og eftirfylgni. Samtökin kom þessum sjónarmiðum á framfæri og fengu þau góðar undirtektir.

Úrvinnslusjóður

Samtökin eiga fulltrúa í stjórn sjóðsins. Mikill þrýstingur var á hækkun gjalda á starfsárinu. Þrátt fyrir það ákvað stjórnin að hækka ekki gjaldstofna sjóðsins að svo stöddu, enda aukin gjaldtaka opinberra aðila ekki forsvaranleg eins og ástatt er í rekstri fjölmargra fyrirtækja.

Stýrinefnd um raf- og rafeindatækjaúrgang

Um áramót gekk í gildi nýjar reglur um skil á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Samkvæmt hinum nýju reglum var á starfsárinu komið á fót stýrinefnd um raf- og rafeindatækjaúrgang þar sem samtökin hafa fulltrúa sinn. Mikið starf hefur verið unnið á vettvangi stýrnefndar við að innleiða kerfið hér á landi.

Umhverfismerkisráð

Umhverfismerkin Svanurinn og Evrópska blómið hafa ekki fengið mikla kynningu á Íslandi undanfarin ár. Umhverfisstofnun sem ábyrgð ber á merkjunum hefur blásið til sóknar í þessum efnum. M.a. hefur stofnunin endurvakið Umhverfismerkisráð og eiga samtökin fulltrúa í ráðinu. Nýlega hélt Umhverfisstofnun málstofu um framtíð Svansins með þátttöku samtakanna.

Flutningasvið SVP

Alþjóðlegur fundur um samgöngur og loftslagsbreytingar

Flutningasvið SVP stóð fyrir skipulagningu fundar samgönguhóps Samtaka atvinnulífsins í Evrópu (Transport Group of BUSINESSEUROPE) hér á landi í byrjun júní. Fundurinn var haldinn í Bláa lóninu undir yfirskriftinni „Samgöngur og loftslagsbreytingar“.

Til fundarins mættu þrettán fulltrúar evrópskra atvinnurekendasamtaka. Tilgangur fundarins var tvíþættur. Annars vegar að vekja athygli fulltrúa hagsmunasamtaka Evrópuþjóða innan BUSINESSEUROPE á Íslandi og stöðu landsins í þessum málaflokki sem hefur um margt sérstöðu þegar kemur að loftslagsmálum vegna sjálfbærrar nýtingar orkugjafa. Og í öðru lagi að kalla saman hagsmunaaðila í flutningum, íslenska stjórnarsýslu og sérfræðinga í málaflokknum til umræðna um þetta viðfangsefni sem gera má ráð fyrir að verði stórt viðfangsefni þessara aðila í nánustu framtíð. Fundurinn tókst mjög vel og ekki er að efa að margt af því sem fram kom um sérstöðu Íslands vakti verulega athygli erlendu gestanna.

Transport group of BUSINESSEUROPE

Fulltrúi flutningasviðsins hefur auk fundarins á Íslandi setið tvo fundi í samgönguhópi BUSINESSEUROPE í Brussel. Áherslur hópsins eru skýrar í þá veru að horft sé heildstætt á flutningagreininna og að þess sé gætt að íþyngja þessari atvinnugrein ekki meira en þegar er raunin. Áhersla er lögð á samkeppnishæfni Evrópu við aðra hluta heimsins og galdið varhug við því að skekkja þá samkeppnisstöðu.

Eitt stefnumála Evrópusambandsins er að minnka skriffinnsku innan sambandsins um 25% til ársins 2012. Í þessu skyni hefur Framkvæmdastjórnin meðal annars beðið samgönguhóp BUSINESSEUROPE um ábendingar um mögulegar betrubætur sem snúa að flutningum. Þessi vettvangur er mikilvægur fyrir flutningasviðið í þeirri viðleitni að fylgjast með því helsta sem er gerast á þessu sviði innan Evrópusambandsins og mögulega hafa áhrif á áherslur BUSINESSEUROPE gagnvart Framkvæmdastjórninni eða á umsagnir um einstök mál.

Samgöngur

Frá stofnun hefur flutningasviðið lagt megináherslu á greiðan aðgang að ráðandi aðilum samgöngumála, ráðuneyti, Alþingi og stjórnarsýslustofnunum um hagsmunamál sín og þar er samgönguáætlun til 10 ára augljóslega stórt hagsmunamál. Unnið hefur verið að því með markvissum hætti að ná árangri um samráð með formlegum og óformlegum hætti.

Í lok desember tilkynntu Samtök atvinnulífsins að Samgönguráð hefði kallað eftir samstarfi um samgönguáætlun og í því skyni yrði stofnaður sérstakur samgönguhópur Samtaka atvinnulífsins. Tilgangur hópsins er annars vegar að móta almenna stefnu samtakanna um samgöngumál og hins vegar að annast samráð af hálfu atvinnulífs við samgönguráð við mótun samgönguáætlunar 2011 – 2022. Flutningasvið SVP lítur á stofnun þessa hóps og samráð atvinnulífsins við samgönguráð um samgönguáætlun sem ótvíræðan árangur af markvissri baráttu í þessa veru.

Vegagerðin og vegirnir

Ástand vega og þjónusta við þá eru og hafa verið eitt helsta áhersluatriði flutningasviðsins hvað samgöngur varðar og hefur fulltrúi sviðsins og aðildarfélagar átt mjög aukið samstarf við Vegagerðina um þau mál og önnur er vegakerfinu tengjast.

Ræddar hafa verið sérstaklega áætlanir Vegagerðarinnar um endurbætur vegakerfisins hvað varðar breikkun vega og styrkingu þannig að þungatakmarkanir heyrðu sögunni til. Flutningasviðið hefur

notað hvert tækifæri sem gefist hefur til að vekja athygli á þessum þætti vegakerfisins í ljósi þess hversu stórt hagsmunamál er um að ræða.

Mannvirkjagerð

Annað brýnt forgangsmál sem flutningasviðið hefur vakið sérstaka áherslu á er skortur á meðvitund um greiðar flutningaleiðir inn og út úr Reykjavíkurborg. Mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu síðustu ár ber þess merki að ekki hafi verið hugað að þessum þætti við hönnun og skipulag. Lokun stofnbrauta hefur leitt af sér að flutningabílar með farma af afbrigðilegri stærð fara krókaleiðir í gegnum íbúahverfi til að komast út úr borginni.

Í febrúar 2008 var sent út bréf til allra þeirra aðila innan kerfisins sem mögulega hefðu um málið að segja. Tókst með eftirfylgni að vekja athygli á málinu. Þegar hafa verið haldnir tveir fundir og hefur samráð þessara aðila þegar sýnt sig að vera til mikils gagns og væntir flutningasviðið mikils af þessu samstarfi.

Heildarendurskoðun umferðarlaga

Heildarendurskoðun umferðarlaga hefur staðið allt árið og er ekki lokið. Forstöðumaður flutningasviðsins er fulltrúi í nefndinni og er áætlað að nefndin ljúki störfum í apríl.

Mörg helstu baráttumál landflutningagreinarinnar síðustu ár má rekja til einhliða og íþyngjandi upptöku íslenskra yfirvalda á Evróputilskipunum og reglugerðum. Má þar nefna aksturs- og hvíldartímaákvæði, ákvæði um endurmenntun atvinnubílstjóra, eftirlit og fleira.

Eitt af meginmarkmiðum endurskoðunarinnar er að meginreglur flutningagreinarinnar sem birtar hafa verið í reglugerðum verði lögfestar og komi þannig til umræðu á Alþingi.

Þróunarvettvangur samgöngurannsókna

Flutningasviðið hefur á árinu unnið að samstarfi við vísindamenn innan háskólanna um eflingu rannsókna í samgöngum. Í júní hittist hópur verkfræðinga í húsnæði SVÞ í þeim tilgangi að búa til svokallaðan þróunarvettvang samgöngurannsókna.

Nefndastörf

Forstöðumaður flutningasviðs á sæti í Siglingaráði og Landflutningaráði. Þess utan á hann með fulltrúum aðildarfyrirtækja sviðsins mikið samstarf við samgönguráðuneyti og stofnanir þess um ýmiss hagsmunamál. Samstarf þessara aðila hefur eflst mjög á árinu. Það hefur færst í vöxt að samgönguráðuneytið og stofnanir þess eigi frumkvæði að því kalla til funda um einstök mál og er litið á það sem mikilvægan árangur af því starfi sem unnið er á flutningasviðinu.

Akstur og hvíld Í lok árs 2007 höfðu Samtök atvinnulífsins (ásamt aðildarsamtökum sínum þ.m.t. flutningasviði SVÞ) og ASÍ gengið frá beiðni til samgönguráðuneytisins um að sótt yrði um undanþágur frá ítrustu ákvæðum aksturs- og hvíldartímareglna til Eftirlitsstofnunar EFTA í Brussel. Flutningasvið SVÞ hefur litið á þetta einstaka mál sem eitt brýnasta hagsmunamál aðildarfélaga sinna frá upphafi og hafði frumkvæði að því að vekja athygli fyrrverandi samgönguráðherra Sturlu Böðvarssonar á málinu 17. apríl 2007. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og flutningasvið SVÞ unnið að málinu formlega og óformlega á mörgum vígstöðvum.

Samgönguráðherra fór með undanþágubeiðnina til Brussel í apríl 2008. Eftirlitsstofnun EFTA afgreiddi málið fyrir sitt leyti í lok árs 2008 og var niðurstaða þeirra neikvæð. Samgönguráðherra ákvað að leyfa málinu að halda áfram og þau gleðilegu tíðindi voru tilkynnt af samgönguráðuneytinu 13. mars 2009 að Fastanefnd EFTA hefði samþykkt allar undanþágubeiðnir íslenskra stjórnvalda og þannig snúið við niðurstöðu ESA.

Ráðuneytið hefur með þessari niðurstöðu heimild til að innleiða reglugerð ESB frá 2006 með meiri sveigjanleika í daglegum akstri en núgildandi reglur gera kröfu um. Ráðuneytið hefur þegar tilkynnt að stofnaður verði starfshópur til að sjá um innleiðingu reglugerðarinnar þar sem ítrustu öryggiskröfum verði fylgt en jafnframt tekið mið af íslenskum aðstæðum. Flutningasvið SVP gerir ráð fyrir að verða þátttakandi í þeirri vinnu en niðurstaða hennar skiptir öllu máli þar sem hún mun ákvarða hvernig aksturs- og hvíldartímareglur verða í framkvæmd.

Reglugerð um frágang á farmi Flutningasviðið vann að því að ná fram breytingum á reglugerð um flutning á hættulegum farmi frá því snemma á árinu 2007. Niðurstaða fékkst í málið um mitt ár 2008 er ný reglugerð um flutning á hættulegum farmi var birt. Í kjölfar þess er unnið að útgáfu „best practice“ reglna um flutning á hættulegum farmi. Verður síðan efnt til átaks á meðal landflutningabílstjóra og þeirra er málið varðar.

Siglingaleiðir Ný reglugerð um afmarkaðar siglingaleiðir tók gildi um mitt ár 2008. Reglugerðin var unnin á grundvelli skýrslu nefndar sem samgönguráðherra skipaði um afmarkanir siglingaleiða í febrúar 2007.

Í haust kom fram gríðarlega sterk gagnrýni á nýjar reglur og augljós krafa á að ná fram breytingum. Gagnrýnin sneri fyrst og fremst að banni kaupskipa um að sigla milli lands og eyja fyrir þau skip sem ekki eiga viðkomu í Vestmannaeyjum til eða frá landinu. Þessi nýja regla leiddi af sér kröfu um nýja siglingaleið fyrir áætlanarskip Eimskips og Samskips svo dæmi séu tekin, siglingaleið sem sýndi sig strax á haustmánuðum að gat tekið mun lengri tíma.

Samkomulag varð um að óska þess við nefndina um afmarkanir siglingaleiða að fara fram á útvíkkun á undanþágum sem þegar eru í gildi á grundvelli reglugerðarinnar um að mega sigla milli lands og eyja. Málið hefur ekki verið afgreitt en hjartsýni er um að í því fáiast jákvæð niðurstaða.

Reglugerð um flutning á hættulegum farmi Drög að nýrri reglugerð um flutning á hættulegum farmi var lögð fram á haustmánuðum. Flutningasvið SVP gerði umtalsverðir athugasemdir við fyrstu drög.

Starfsgreinaráð farartækja og flutningagreina Menntamálaráðherra hefur lagt fram tillögu um verulegar breytingar á starfsgreinaráðunum, bæði fækkun þeirra og breytt hlutverk. Flutningasvið SVP gerði að tillögu sinni að stofnað yrði til Starfsgreinaráðs samgöngu- og flutningagreina. Markmiðið með þessu væri að vekja athygli á þessari atvinnugrein - flutningum - sem hefur í áratugi haft miklu hlutverki að gegna í íslensku samfélagi en er samt hvergi til innan menntakerfisins.

Menntamál Eitt af meginmarkmiðum flutningasviðsins er að efla menntun í flutningagreininni og að efla fræðslu út á við um flutningagreinina. Á haustmánuðum var efnt til fundar með fræðslustjórum flutningsfyrirtækjanna ásamt fulltrúum flutningsmiðlana og fulltrúa frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Markmið fundarins var hugarflug um stöðuna í dag og hugmyndir þessara aðila um hvar þeir töldu að væri þörf á úrbótum. Á fundinum kom fram að það væri forgangsmál að markaðssetja orðið „transport“ í menntakerfinu og í samfélaginu. Það væri skortur á menntun með vísan í orðið „flutningar“ eða „flutningafræði“. Hverjum dettur í hug að mennta sig á sviði sem er ekki til?

Umsagnir

Eftirtalin frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir bárust samtökunum til umsagnar á starfsárinu:

Frumvörp

Frumvarp til landflutningalaga
Frumvarp til laga um breytingu á loftferðalögum
Frumvarp til laga um tekjuskatt
Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við eftirlit með fjármálastarfsemi
Frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti
Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak
Frumvarp til laga um tóbaksvarnir
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga
Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti
Frumvarp til laga um greiðsluáðlögun
Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi
Frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (matvælafrumvarpið)
Frumvarp til laga breytingu á lögum um bókhald
Frumvarp til laga um Efnahagsstofnun
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið ohf.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga
Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, vef- og rafbækur
Frumvarp um aðför, nauðungarsölu og gjaldþrotaskipti (bætt staða skuldara)
Frumvarp til laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu
Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996

Þingsályktunartillögur

Tillaga til þingsályktunar um samvinnu- og efnahagsráð Íslands
Tillaga til þingsályktunar um skipan frídaga að vori
Tillaga til þingsályktunar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010
Tillaga til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa
Tillaga til þingsályktunar um samvinnu- og efnahagsráð Íslands
Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan gjaldeyrismála

Reglugerðir

Um breytingu á reglugerð um frágang á farmi
Ný reglugerð um skoðanir ökutækja
Drög að reglugerð um reglugerð um flutningu á hættulegum farmi
Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja

Evrópunefnd SVP-Samtaka verslunar og þjónustu

Greinargerð fyrir aðalfund 20. mars 2009

Í skoðanakönnun sem gerð var nýlega meðal allra aðildarfyrirtækja SA um afstöðu

til aðildar Íslands að Evrópusambandinu

og upptöku evru svöruðu 80% aðildarfélaga SVP eftirfarandi spurningu játandi: Vill þitt fyrirtæki að SA beiti sér fyrir aðild Íslands að ESB og upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi? Hvergi meðal aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins var niðurstaðan úr könnuninni eins afgerandi og hjá SVP.

Í ljósi þessarar niðurstöðu var Evrópunefnd SVP falið að skoða þessi mál nánar og leita svara við nokkrum áleitnum spurningum. Naut hún þar mikillar aðstoðar frá skrifstofu SA.

Af hverju Evrópa?

Eðlilegt er að spyrja af hverju erum við nú að líta til Evrópu en ekki eitthvert annað.

Ísland er hluti af Evrópu og því landfræðilega tengdust þeim heimshluta. Stærstur hluti viðskipta landsins er við Evrópuríki og því liggur beinast við að gerast nánari þátttakandi í því efnahagslega og pólitíska samstarfi sem fram fer innan Evrópu. Allt frá því Ísland tók upp sjálfstæða stefnu í utanríkismálum hefur samstarf okkar á því sviði mest tengt öðrum Evrópuríkjum, fyrst með aðild að Atlantshafsbandalaginu árið 1949, síðan með aðild að EFTA árið 1971 og loks með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið 1994. Öll rök eru því til þess að næstu skref til frekara alþjóðlegs samstarf verði við Evrópuríki. Næstu ákvarðanir sem liggur fyrir að taka er hvort sækja beri um aðild að Evrópusambandinu og stefna að þátttöku í Evrópska myntbandalaginu Hver verða heildaráhrif aðildar að ESB/myntbandalagi á rekstrarumhverfi íslenskra verslunarfyrirtækja?

Nú starfar 57% mannafla landsins við hvers konar þjónustu. Þetta eru um níutíu þúsund manns. Rösklega 67% tekna íslenska þjórðarbúsins eru af þjónustugreinum og verslun. Þjónustan ein nemur um 55% af landsframleiðslunni og hefur hlutdeildin aukist um 14% á þrjátíu árum. Þjónusta er sífellt mikilvægari í utanríkisviðskiptum og nemur útflutningur þjónustu um 12% og tekjur vegna þjónustuútflutnings eru rúmir hundrað milljarðar eða um 30% gjaldeyristekna Íslands. Það sem breytist í umhverfi aðildarfyrirtækja SVP við aðild að ESB/EMU og upptöku evru er að gengisstöðugleiki mun aukast til muna og gengisáhætta minnka. Gjaldmiðilshætta hverfur gagnvart viðskiptum og skuldbindingum í evru. Vaxtastig lækkar með brotthvarfi verðtryggingar. Vextir aðlagast vöxtum á evrusvæðinu. Verðbólga tekur mið af þessum þáttum. Rekstrarumhverfið verður mun stöðugra en nú er.

Stjórnvöldum hér hefur ekki tekist að skapa gengisstöðugleika síðan íslenska krónan var sett á flot 2001. Reyndar má rekja þessa sögu mun lengra aftur en gengisfellingar, háir vextir og há verðbólga hafa einkennt íslenskt efnahagslíf í marga áratugi þótt nokkur hlé hafi orðið á milli. Með inngöngu Íslands í ESB verður íslenskum fyrirtækjum skapað stöðugra rekstrarumhverfi en hefur áður þekkt hér á landi.

Almennt hefur aðild Íslands að ESB þau áhrif að Ísland verður fullgildur þátttakandi á öllum sviðum innan ESB en ekki aðeins á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til, þar á meðalþátttöku í sameiginlegri sjávarútvegsstefnu, landbúnaðarstefnu, samstarfs á sviði byggðamála, orkumála, skattamála, tolla og alþjóðaviðskipta og loks efnahags- og peningamála. Þá felur aðild að ESB í sér fullgilda þátttöku í undirbúningi löggjafar og aðild að stofnunum ESB, svo sem ráðherraráði, framkvæmdastjórn, dómstólum og Evrópuþinginu.

Hversu mikið er líklegt að viðskipti aukist með aðild að ESB/EMU?

Allar rannsóknir benda til þess að viðskipti á milli landa með sömu mynt aukist verulega. Því má teljast afar líklegt að við inngöngu Íslands í ESB og þátttöku í myntbandalaginu myndu opnast veruleg tækifæri fyrir fyrirtæki bæði í sölu á varningi en ekki síður við sölu á þjónustu. Talið er að þessi auknu utanríkisviðskipti gætu síðan aukið landsframleiðslu á mann um um það bil 4%. Þessi áhrif yrðu jafnvel meiri ef ESB-ríkin þrjú sem enn standa utan EMU (Bretland, Danmörk og

Svíþjóð) gerðust einnig aðilar að myntbandalaginu. (Francis Breedom, Þórarinn G. Pétursson, Fjármálatíðindi 51 árg. 2004).

Hversu mikil verður lækkun viðskiptakostnaðar?

Sameiginleg mynt eyðir (eða a.m.k. dregur úr) viðskiptakostnaði við að skipta á milli gjaldmiðla. Emerson o.fl. (1992) meta þennan kostnað allt að ½% af VLF fyrir ESB-löndin í heild (fjármálaráðuneytið í Bretlandi gefur sambærilegt mat fyrir Bretland) og allt að 1% fyrir smærri löndin sem reiða sig meira á utanríkisviðskipti og hafa grynri gjaldeyrismarkaði. Miðað við 1% regluna fyrir Ísland hefur þessi kostnaður numið um 14,5 milljörðum á árinu 2008.

Hver verður hinn mælanlegi árangur þess að losna við gengisáhættu í viðskiptum?

Nýr gjaldmiðill skapar skilyrði til stöðugleika í efnahagsmálum með hóflegum gengissveiflum, mun lægri vöxtum og lægri verðbólgu. Óhóflegar gengissveiflur og hátt vaxtastig hafa leikið íslenskt atvinnulíf grátt. Mikill tími fer í það hjá stjórnendum fyrirtækja að fylgjast með og reyna að lágmarka kostnað sem fellur á fyrirtækin þegar gengissveiflur ríða yfir. Þessum tíma væri betur varið til virðisaukandi verkefna.

Óstöðugleiki felur í sér alvarlegar viðskiptahindranir. Minnt skal á að verðlagning á útfluttri og innfluttri vöru og þjónustu á sér almennt ekki stað í íslenskum krónum. Í stað þess að fyrirsvarsmenn verslunar- og þjónustufyrirtækja séu að velta fyrir sér á hvaða verði þeir eigi að selja sína vöru í dag borið saman við daginn í gær og verði einnig að hafa í huga hvert gengið verði þegar komi að gjalddaga vöru eftir tiltekinn tíma geta þeir einbeitt sér að öðrum þáttum rekstrarins svo sem markaðsmálum, nýsköpun, þróun, hagkvæmni og öðru því sem til framfara horfir.

Auk þess að rýra samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja hindrar íslenska krónan og fylgifyiskar hennar, gengissveiflur, háir vextir, verðbólga, verðtrygging það að erlendir fjárfestar leggi fé í íslensk fyrirtæki.

Með upptöku evru verður rekstrarumhverfið líkara því sem gerist í samkeppnislöndunum og óvissuþátturinn sem tengist gjaldmiðlinum er úr sögunni og auðveldara verður fyrir erlenda fjárfesta að átta sig á aðstæðum sem ætti að öðru jöfnu að auka áhuga þeirra á þátttöku í íslenskum atvinnurekstri. Sama mætti segja um ferðamennsku, það má leiða líkum að því að ferðamönnum frá Evrópu myndi fjölga hér með árunum þar sem til dæmis verðlag yrði stöðugra og auðveldara að bera saman Ísland og önnur lönd í ferðakostnaði.

Hver verða áhrif á þjónustuviðskipti innan svæðisins?

Þjónustutílskipunin, sem samþykkt var í desember 2006, getur haft svipuð áhrif á vöxt og viðgang þjónustuviðskipta og fullgilding innri markaðar ESB árið 1992 gerði fyrir vöruviðskipti. Tílskipunin á að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum fyrir frjálsri þjónustustarfsemi á innri markaði sambandsins sem hafa gert fyrirtækjum og einstaklingum erfiðara um vik að stunda viðskipti með þjónustu á innri markaðnum. Frjáls þjónustustarfsemi er hluti af EES-samningnum.

Innleiðingu þjónustutílskipunarinnar skal lokið hér á landi eigi síðar en 29. desember 2009. Með tílskipuninni verður fest í sessi á Íslandi reglan um gagnkvæma viðurkenningu á lögum og reglum um þjónustuviðskipti en með nokkrum undantekningum þó. Fyrirtæki og einstaklingar sem með löglegum hætti bjóða þjónustu í heimalandi sínu geta boðið hana í öðrum ESB löndum án þess að þurfa á ný að fara í gegnum allar þær leyfisveitingar og viðurkenningar sem þau hafa þegar öðlast heima fyrir. Þjónustutílskipunin á að tryggja að þjónustuviðskipti á innri markaðnum gagnist neytendum betur með því að einfalda og auðvelda stofnun fyrirtækja og auðvelda fyrirtækjunum að veita þjónustu í hvaða ESB ríki sem er. Tílskipunin ryður úr vegi ýmsum lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum sem hamla því að fyrirtæki og einstaklingar selji sína þjónustu á innri markaði ESB.

Fyrir það fyrsta felur tílskipunin í sér að gerðar eru ríkar kröfur til stjórnvalda að fara yfir og einfalda allar reglur í stjórnsýslunni sem varða starfsleyfi fyrirtækja, útiloka að ekki séu gerðar stjórnsýslu- og hæfniskröfur að óþörfu. Í þessu felst einnig að stjórnvöld eiga að tryggja atvinnulífina aðgang að upplýsingahraðbraut þar sem fyrirtækin geta lokið sínum samskiptum við stjórnvöld á einum og sama staðnum með rafrænni afgreiðslu um Netið. Málið snýst ekki nema að takmörkuðu leyti um lagasetningu enda er meginmálið grundvallarbreyting á starfsháttum og

vinnubrögðum og samskiptum allra opinberra aðila við fyrirtæki og allan almenning. Rafræn stjórnsýsla er lykilaðferð til að þessum markmiðum verði náð enda geta engar stjórnsýslustofnanir komist hjá því að efla rafræna þjónustu sína.

Í öðru lagi kveður tilskipunin á um það, að fyrirtæki og einstaklingar sem stunda þjónustuviðskipti verða að gera þær ráðstafanir sem efla traust neytenda til þess að eiga við þá viðskipti. Þannig ber aðilum sem selja þjónustu samkvæmt skilgreiningum og ákvæðum tilskipunarinnar að sjá til þess að fullnægjandi upplýsingar séu aðgengilegar fyrir neytendur um öll nauðsynleg atriði til þess að þeir geti treyst þeim aðilum sem þeir eiga viðskipti við.

Réttindi neytenda munu vaxa til muna. Fyrirtækin skulu þannig gera grein fyrir því með hvaða hætti unnt er að leggja fram kvartanir þegar að eitthvað telst fara úrskaiðis í viðskiptum þeirra. Fyrirtæki í þjónustu ættu því að búa sig undir vaxandi kvartanir frá neytendum. Þjónustuatvinnuvegir í löndum ESB eru mikilvægar greinar sem skapa um 65-70% af vergri þjóðarframleiðslu. Hins vegar tengjast aðeins 20% af viðskiptum milli ESB ríkja þjónustu. Innleiðing þjónustutilskipunar ESB kann að hafa í för með sér allt að 15-35% aukningu á þjónustuviðskiptum milli ESB ríkja. Yfirfært á Ísland miðað við útflutning þjónustu væri þetta 28-65 milljarða kr. aukning.

Hver verða áhrif á verðlag í landinu?

Mikil og stöðug umræða er um verðlag á Íslandi og orsakir þess að það er oft hærra en í nágrannalöndum okkar. Mest hefur umræðan þó verið um orsakir hásk matvælavæðs hér á landi og leiðir til þess að lækka það. Forsætisráðherra skipaði nefnd til þess að fjalla um helstu orsakapætti hásk matvælavæðs á Íslandi og gera tillögur sem miða að því að færa matvælavæð nær því sem gengur og gerist í nágrannaríkjum og skilaði formaður nefndarinnar álit í nóvember 2006. Þar er fjallað um vörugjöld, tolla, skatta og gjöld og áhrif breytinga á innfluttar vörur miðað við tilteknar breytingar á þessum gjöldum.

Áhrif lækkunar gjalda koma fram í meðfylgjandi töflu:

Verðlag miðast við nóvember 2006

Verðáhrif, bein og afleidd, %	Matvöruverð %	Vísitala
Afnám vörugjalds	4,2	0,6
Niðurfelling tolla í 7.-15. og 17.-22. kafla tollskrár ¹⁾	1,7	0,2
Samræming virðisaukaskatts í 14%	1,6	0,2
Lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu	(8,4)2)	0,3
Alls	7,5	1,3
Dæmi um lækkun tollverndar af búvöru (2., 4. og 16. kafla tollskrár ¹⁾)		
Helmingslækkun	7,8	1,1
Fullt afnám	15,6	2,2

Áhrif á tekjur ríkissjóðs ³⁾ ,	Millj. kr. á ári	
Afnám vörugjalds	-1.550	+380
Niðurfelling tolla í 7.-15. og 17.-22. kafla tollskrár ¹⁾	-650	+160
Samræming virðisaukaskatts í 14%	-950	+150
Lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu	-960	+150
Alls	-4.110	+840
Dæmi um lækkun tollverndar af búvöru (2., 4. og 16. kafla tollskrár ¹⁾)		
Helmingslækkun	-145	+900
Fullt afnám	-290	+1.800

1) Um innihald tollflokka sjá 4. viðauka.

2) Áhrif á veitingalið í vísitölu neysluverðs.

3) Neikvæðar tölur (-) sýna tekjutap ríkissjóðs vegna skattalækkana. Jákvæðar tölur (+) sýna tekjuaukningu ríkissjóðs af þeirri veltuaukningu innanlands sem ofangreindar skattalækkningar hafa í för með sér. Miðað við framangreint væri lækkunin um 4,1 milljarður á verðlagi 2006

Mun styrkjakerfi ESB vega upp óhagræði aðildar fyrir landbúnaðinn?

Íslenskur landbúnaður nýtur mikils stuðnings hér innanlands. Þegar EES-samningurinn var gerður árið 1994 hafði Ísland undanþágur frá veigamiklum málum á sviði landbúnaðar. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um gildistöku matvælalöggjafar ESB hér á landi og munu að því samþykktu gilda í aðalatriðum sömu reglur hér á landi og í löndum ESB að því er varðar framleiðslu matvæla og innleiddar nauðsynlegar breytingar á íslenskri löggjöf samfara yfirtöku matvælalöggjafar ESB. Þessi löggjöf er reyndar íslenskum sjávarútvegi nauðsynleg því að öðrum kosti getur skapast hættu á að farið verði með íslenskar fiskafurðir eins og frá þriðju ríkjum sem þá hefði í för með sér verulegar viðskiptahindranir, kostnað og fyrirhöfn. Bent hefur verið á að möguleikar til útflutnings á sérstökum hreinum náttúruafurðum muni geta aukist.

Niðurfelling tolla af innfluttum matvælum frá ESB, aukin samkeppni og hagræðing í landbúnaði innanlands myndi leiða til lægra vöruverðs. Lækkunin kæmi ekki strax fram en þróunin yrði sú, að smám saman drægi saman með vöruverði hér og í grannríkjunum. Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB er sennilega dýrasti liðurinn í starfi ESB. Við síðustu endurskoðun var dregið mjög úr beinum ríkistuðningi við búvöruframleiðslu en þess í stað aukin stuðningur við byggðapróun, umhverfisverkefni og nýsköpun í sveitum. Framleiðslutengingar og framleiðsluhvatar eiga að víkja fyrir “grænum” stuðningi hverskonar. Greitt er fyrir búsetu en íbúum látið eftir að ákveða hvort þeir framleiða búfjárafurðir sem ekki njóta styrkja en verða að standast þá samkeppni sem á markaðnum ríkir. Með aðild að ESB verður sameiginleg landbúnaðarstefna ESB tekin upp hér á landi með aðlögun og þeim undanþágum sem um semst. Líta má til þeirra undanþága og aðlögunar sem Svíþjóð og Finnland sömdu um til að styrkja landbúnað á heimskautasvæðum (öll svæði norðan 62. breiddargráðu) og á harðbýlum svæðum umfram það sem gerist og gengur innan ESB. Engin ástæða er að ætla að ekki gæti samist um sambærilegan stuðning skattgreiðenda við íslenskan landbúnað og samdist um við Finnland og Svíþjóð. Ætla má að harðbýlisstyrkir á Íslandi kæmu úr ríkissjóði (60 - 70%) og úr sjóðum ESB (30% - 40%).

Samantekt

Af hverju Evrópa?

Ísland er hluti af Evrópu og því landfræðilega tengdast þeim heimshluta. Langstærstur hluti viðskipta okkar er við aðildarríki ESB og er því eðlilegast að styrkja þau tengsl með aðild að ESB og með því að gerast þátttakandi í myntbandalaginu, EMU.

Hversu mikið er líklegt að viðskipti aukist með aðild að ESB/myntbandalagi?

Útflutningur þjónustu var 187.972 milljónir ár árinu 2008 aukningin ætti því að geta numið um 22,5 milljörðum.

Hversu mikil verður lækkun viðskiptakostnaðar?

Miðað við 1% regluna fyrir Ísland hefur þessi kostnaður numið um 14,5 milljörðum á árinu 2008.

Hver verður hinn mælanlegi árangur þess að losna við gengisáhættu í viðskiptum?

Með upptöku evru verður rekstrarumhverfið líkara því sem gerist í samkeppnislöndunum. Auk þess að rýra samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja hindrar íslenska krónan og fylgifiskar hennar, gengis-sveiflur, háir vextir, verðbólga, verðtrygging það að erlendir fjárfestar leggi fé í íslensk fyrirtæki.

Hver verða áhrif á þjónustuviðskipti innan svæðisins?

Innleiðing þjónustutískipunar ESB kann að hafa í för með sér allt að 15-35% aukningu á þjónustuviðskiptum milli ESB ríkja. Yfirfært á Ísland miðað við útflutning þjónustu væri þetta 28-65 milljarða kr. aukning.

Hver verða áhrif á verðlag í landinu?

Áhrif lækkunar gjalda gætu verið um 7,5% eða 4,1 milljarður kr. á verðlagi 2006.

Mun styrkjakerfi ESB vega upp óhagræði aðildar fyrir landbúnaðinn?

Engin ástæða er að ætla að ekki gæti samist um sambærilegan stuðning skattgreiðenda við íslenskan landbúnað og samdist um við Finnland og Svíþjóð. Ætla má að harðbýlisstyrkir á Íslandi kæmu úr ríkissjóði (60 - 70%) og úr sjóðum ESB (30% - 40%).